

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 424/2015 um gildistöku ákvarðana og framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna, brunatæknilega flokkun á tilteknum vörum án þess að brunaprófun þurfi að fara fram, og aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 60. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 um byggingarvörur.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Nýr stafliður, h-liður, bætist við 1. tölul., svohljóðandi:
 - h. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/364/ESB frá 1. júlí 2015 um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 52/2016, 22. september 2016, bls. 39-46.
- b. Við bætast þrjú nýir stafliðir, i-, j- og k-liður við 3. tölul., svohljóðandi:
 - i. Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1958/ESB frá 1. júlí 2015 um við-eigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 44/2016, 18. ágúst 2016, bls. 201-203.
 - j. Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1959/ESB frá 1. júlí 2015 um við-eigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 44/2016, 18. ágúst 2016, bls. 204-206.
 - k. Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1936/ESB frá 8. júlí 2015 um við-eigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 44/2016, 18. ágúst 2016, bls. 198-200.

2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætast fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

19. Framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1936/ESB frá 8. júlí 2015 um við-eigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011.
20. Framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1958/ESB frá 1. júlí 2015 um við-eigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011.
21. Framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1959/ESB frá 1. júlí 2015 um við-eigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011.
22. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/364/ESB frá 1. júlí 2015 um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011.

3. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. tölul. 7. gr. laga nr. 114/2014 um byggingarvörur, tekur þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. mars 2017.

F. h. r.
Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2017